

Fundargerð

140. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 7. desember 2011, kl. 13.00 á Húsavík.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. Efnagreiningar á neysluvatnssýnum (heildarútekt); kynning.

Kynntar voru niðurstöður ítarlegra efnagreininga á neysluvatni. Slík sýni eru tekin árlega á Akureyri og í Dalvíkurbyggð. Mæligildi hafa öll verið innan viðmiðunarmarka og engin merki um mengun neysluvatns. Þar sem mælingarnar eru kostnaðarsamar; þá hefur fjölda sýna verið stillt í hóf.

3. Gámaþjónusta Norðurlands ehf; staða framkvæmda á Rangárvöllum, Akureyri.

Fyrsti áfangi húsbyggingar Gámaþjónustu Norðurlands ehf á Rangárvöllum er að rísa og er gert ráð fyrir að húsið komist í gagnið innan skamms tíma og auðveldi alla umhirðu úrgangs á svæðinu. Í seinni áfanga húsbyggingar er gert ráð fyrir móttöku spilliefna.

4. Deiliskipulag í landi Brekku, Þingeyjarsveit; umsögn.

Kynnt var deiliskipulag í landi Brekku í Þingeyjarsveit og eru ekki gerðar athugasemdir við deiliskipulagið að hálfu heilbrigðisnefndar.

5. Athugasemdir HNE við starfsleyfistillögu UST til handa Hringrás vegna útvíkkunar starfsemi og athafnasvæðis við Ægisnes 1, Akureyri.

Fjallað var um reynslu af brotajárnsmóttöku Hringrásar í Krossanesi á Akureyri og skýrt frá ábendingum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra vegna starfsleyfistillögu Umhverfisstofnunar. Gerð var athugasemd við fyrirætlanir Hringrásar um að fjarlægja jarðvegsmanir á lóðarmörkum og einnig gerð tillaga um að setja inn ákvæði um hámarkshæð efnishauga á svæðinu.

6. Auto ehf, Svalbarðsstrandarhreppi, krafa um úrbætur og fyrirhuguð áminning.

Þar sem bílapartasalan Auto ehf hefur ekki brugðist að fullu við kröfum heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra dags. 13. maí 2011 um að fjarlægja tjónabíla og bílhuta norðan og vestan við atvinnuhúsnæði fyrirtækisins að Setbergi í Svalbarðsstrandarhreppi og að hreinsa upp olíusmit í jarðvegi; þá áformar heilbrigðisnefnd að veita Auto ehf áminningu sbr. 26. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Heilbrigðisnefnd veitir hér með Auto ehf frest til 15. janúar 2012 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Að gefnu tilefni minnir heilbrigðisnefnd á mikilvægi þess að starfsmenn heilbrigðisnefndar tryggi eigið öryggi gagnvart aðilum sem sýna af sér ógnandi tilburði eða eru líklegir til að grípa til óyndisráða.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Kaffi 600 ehf, kt. 491111-0460, Strandgötu 7, 600 Akureyri; umsókn um starfsleyfi fyrir fyrir skemmtistað undir nafninu Kaffi Akureyri. **Samþykkt.**
2. Menico ehf, kt. 510510-1270, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á íbúð að Hafnarstræti 86A, Akureyri. **Samþykkt.**
3. CFH ehf, kt. 450710-0160, Dalsbraut 1 (vesturendi), umsókn um starfsleyfi fyrir líkamsræktarstöð (Crossfit). **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
4. Bílapartasalan Austurhlíð, kt. 210163-5069, Austurhlíð, 601 Akureyri. Bílapartasala og bílaviðgerðir. Endurnýjun starfsleyfis. **Samþykkt.**
5. Bílabjörgun ehf., kt. 520509-0700, Dalsbraut 1, 600 Akureyri. Pústþjónusta og aðrar smáviðgerðir bifreiða. Nýtt starfsleyfi. **Samþykkt.**
6. Ölur ehf., kt. 630294-2159, Óseyri 4, 603 Akureyri. Trésmíðaverkstæði með lökkun. Endurnýjun starfsleyfis vegna nýs húsnæðis. **Samþykkt.**
7. Toppfiskur, kt. 491187-1749, Hafnargötu 2-4 685 Bakkafirði. Starfsleyfi, endurnýjun. **Samþykkt.**
8. Ísfélag Vestmannaeyja hf. kt. 660169-1219, 680 Þórshöfn. Starfsleyfi, endurnýjun. **Samþykkt.**
9. Vísir, hf fiskverkun, kt. 701181-2609 Garðarsbraut 14, 640 Húsavík. Starfsleyfi, endurnýjun. **Samþykkt.**
10. Stórulaugar ehf, kt. 600201-2630, Stórulaugum 650 Laugar. Starfsleyfi, endurnýjun. **Samþykkt.**
11. Trésmiðjan Rein, kt. 701296-6059, Rein, 641 Húsavík. Starfsleyfi, endurnýjun. **Samþykkt.**
12. Fenrir, kt. 241283-2169, einkatímaaðstaða fyrir þjálfun í bardagalistum, Sunnuhlíð 12, Akureyri. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
13. Gamli Baukur ehf, kt. 631107-6870, Hafnarstétt 9, 640 Húsavík, starfsleyfi, endurnýjun. **Samþykkt.**
14. Hreint út ehf, kt. 500106-1310, Tryggvabraut 22, 600 Akureyri, umsókn um endurnýjun starfsleyfis. **Samþykkt.** Heilbrigðisfulltrúa falið að kanna nánar ábendingu um lyktarmengun vegna starfseminnar.

Önnur mál

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.00

Þórdís Rósa Sigurðardóttir, formaður	Alfreð Schiöth
Sigurjón Jóhannesson	Þorkell Björnsson
Birna Jóhannesdóttir	Þórey Agnarsdóttir
Hafsteinn H. Gunnarsson	María Markúsdóttir
Steinn Karlsson	Þórir V. Þórisson
Kristín Halldórsdóttir	